

Nemi gjald samkvæmt tölulíðum 1—3 meiru en svarar 4½% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

Um útreikning, álagningu og innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt grein þessari fer að öðru leyti eftir lögum nr. 19 16. apríl 1973, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu og öðlast þegar gildi, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 19. febrúar 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. maí 1975:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	283.00
2. 24×1 lb. blokkfryst	295.00
3. 24×450 gr. sérfryst	295.00
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	295.00
5. 4×2.5 kg sérfryst	295.00
6. 2×5 kg sérfryst	295.00
7. 4×7 kg sérfryst	295.00
8. 1×25 lbs. sérfryst	295.00
9. 15×200 gr. sérfryst	300.00
10. Í saltlegi	283.00

Verðbil verður 4% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. febrúar 1975.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Gylfi Þórðarson.